

Flokksráðsfundur Vinstri grænna



Félagsheimilinu Flúðum
26. – 27. ágúst
flokksradsfundur.vg.is

Ályktanir til afgreiðslu á flokksráðsfundi á Flúðum 26.-27. ágúst 2023

| | |
|---|---|
| Ályktun um málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd | 2 |
| Ályktun um áfengi og forvarnir | 2 |
| Ályktun til hvatningar | 2 |
| Ályktun um forgangröðum raforku til heimila | 2 |
| Ályktun um strandveiðar | 3 |
| Ályktun um stofnun þjóðgarðs á hálendinu | 3 |
| Ályktun um veiðigjöld | 3 |
| Ályktun um hvalveiðar | 3 |
| Ályktun um blóðmerahald | 4 |
| Ályktun um dýravelferð | 5 |
| Ályktun um auðlindir í þjóðareign | 7 |
| Ályktun um nýtt fyrirkomulag á eignarhaldi ríkisins í fjármálafyrirtækjum | 7 |
| Ályktun um aðgerðir gegn loftslagsvá og hamfarahlýnun | 7 |
| Ályktun um jafnt aðgengi að menntun og frístundum | 8 |
| Ályktun um endurskoðun örorkulífeyriskerfisins | 8 |
| Ályktun um aðgerðir gegn hatursorðræðu | 8 |
| Ályktun um innlent greiðslumiðlunarkerfi | 9 |

1 [Ályktun um málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd](#)

2 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn á Flúðum 26.-27. ágúst 2023,
3 mótmælir vinnubrögðum við framkvæmd nýrra útlendingalaga hvað varðar þjónustumissi þeirra,
4 sem hlotið hafa endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd, að 30 dögum liðnum.
5 Framkvæmdin má ekki verða til þess að fólk sé skilið eftir á götunni. Slíkt er grafalvarlegt og í
6 hróplegu ósamræmi við það samfélag sem við viljum búa í. Um leið er ítrekað mikilvægi þess að
7 samkvæmt lögnum má ekki fella niður réttindi barna, foreldra eða umsjónarmanna þeirra og
8 annarra heimilismanna sem teljast til ættingja barna, barnshafandi kvenna ásamt alvarlega veikum
9 einstaklingum og fötluðum með langvarandi stuðningsþarfir. Grundvallarmannréttindi þeirra sem
10 missa þjónustu verður að tryggja. Lokaðar flóttamannabúðir þar sem fólk er geymt þar til hægt er að
11 senda það úr landi er ekki lausnin á þessari stöðu.

12 Flokksráðsfundurinn hvetur til þess að ávallt þegar lög er varða málefni umsækjenda um alþjóðlega
13 vernd eru endurskoðuð verði mannúð höfð að leiðarljósi og grundvallarmannréttindi virt.

14 *Stjórn Vinstri grænna á Suðurnesjum*
15 *Stjórn Vinstri grænna í Skagafirði*
16 *Stjórn Vinstri grænna á Akureyri og nágrenni*

17 [Ályktun um áfengi og forvarnir](#)

18 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn á Flúðum 26.-27. ágúst 2023,
19 felur þingflokki hreyfingarinnar að stíga fram og vinna að því að betri reglufestu verði komið á
20 dreifingu og aðgengi að áfengi en nú er. Til grundvallar vinnunni verði stuðst við bestu fánlegu
21 vitneskju fag- og vísindafólks um afleiðingar aukins aðgengis að áfengi og þar með neyslu.
22 Leiðbeiningar Embættis landlæknis og alþjóðlegra heilbrigðisstofnana verði hafðar að leiðarljósi,
23 almennri lýðheilsu til líkama og sálar til sem mests gagns.

24 Setja þarf viðeigandi hömlur gegn ásókn þeirra aðila sem sækja fast eftir því að græða sem mest á
25 óheftri dreifingu og sölu á þessu útbreiddasta fíkní- og vímuefni hér á landi.

26 *Stjórn Vinstri grænna á Akureyri og nágrenni*

27 [Ályktun til hvatningar](#)

28 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn á Flúðum 26.-27. ágúst 2023,
29 hvetur ráðherra og þingmenn hreyfingarinnar til áframhaldandi góðra verka það sem eftir lifir af
30 núverandi kjörtímabili. Málefnaleg samtöl, ábyrg siðferðisvitund og markvissar ákvarðanir eru
31 aðalsmerki VG forystunnar í stjórnarsamstarfinu og flokksráðsfundurinn styður þingflokk og ráðherra
32 til alls góðs.

33 *Stjórn Vinstri grænna á Akureyri og nágrenni*

34 [Ályktun um forgangröðum raforku til heimila](#)

35 Flokksráðfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Flúðum 26.-27. ágúst 2023,
36 leggur áherslu á að stjórnvöld setji skýran lagaramma svo raforka sé ávallt tryggð til heimila.

37 Sárálitill hluti raforkuframleiðslu rennur til heimila á Íslandi. Langmestur hluti hennar fer til
38 stórnotenda, einkum þungaiðnaðar: álvera, kísilvera og járnblendis, en einnig í gagnaver og fiskeldi.

39 Flokksráðfundurinn leggur áherslu á, með vísan í stefnu flokksins um [orkumál](#), að öllum
40 landsmönnum verði tryggt gott aðgengi að raforku, stuðlað verði að betri nýtingu orkunnar og
41 orkutap minnkað. Orkusóun, líkt og í rafmyntargróft eða annað sem ekki nýtist til græns sjálfbærs

42 samfélags, þarf að stöðva og stjórnvöld verða að meta orkupörf landsins til framtíðar áður ráðist er í
43 frekari virkjanaframkvæmdir með tilheyrandi og meiriháttar óafturkræfum skemmdum á einstakri
44 náttúru landsins.

45 Þá leggur flokksráðsfundurinn til að við lok samningstíma orkusölusamninga til stórnotenda sem hér
46 hafa verið nefndir verði kannaðir kostir þess að samningarnir verði ekki endurnýjaðir og að sú orka
47 sem þá losnar verði fremur nýtt til heimila og orkuskipta.

48 *Stjórn Vinstri grænna í Hafnarfirði*

49 [Ályktun um strandveiðar](#)

50 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn á Flúðum 26.-27. ágúst 2023,
51 fagnar vinnu við *Auðlindina okkar* en áréttar stefnu hreyfingarinnar, [Auðlindir hafs og stranda](#), þegar
52 ákvarðanir eru teknar um sjávarútvegsmál. Strandveiðikerfið verður að endurskoða og búa svo um
53 hnútana að strandveiðisjómenn geti sótt á sín heimamið þegar veiðin er best og verðmæti fisksins er
54 mest. Kerfið á ekki að stuðla að því að sjómenn telji sig þurfa að róa alla fyrstu daga í hverjum
55 mánuði, oft í misjöfnum veðrum með tilheyrandi slyshættu, áður en veiðar verði stöðvaðar. Í þessu
56 fara hagsmunir strandveiðiflotans, kaupenda á fiskmörkuðum og þjóðarbúsins saman.

57 *Stjórn Vinstri grænna á Austurlandi*
58 *Stjórn Vinstri grænna á Akureyri og nágrenni*

59 [Ályktun um stofnun þjóðgarðs á hálendinu](#)

60 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Flúðum 26.-27. ágúst 2023,
61 ítrekar ályktun frá flokksráðsfundi í febrúar sl. um að vinnu við stofnun þjóðgarðs á þegar friðlýstum
62 svæðum og jöklum á þjóðlendum á hálendinu verði flýtt eins og hægt er.

63 Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að „Stofnaður verður þjóðgarður á þegar friðlýstum
64 svæðum og jöklum á þjóðlendum á hálendinu með breytingu á lögum um Vatnajökulþjóðgarð...“.
65 Ríkisstjórnin sem nú situr er hálfnuð með kjörtímabilið og því mikilvægt að stofnun þjóðgarðsins
66 komist á dagskrá næsta þingvetrar.

67 *Stjórn kjördæmisráðs VG í Norðausturkjördæmi*

68 [Ályktun um veiðigjöld](#)

69 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Flúðum 26.-27. ágúst 2023,
70 fagnar boðaðri hækkun veiðigjalda á sjávarútvegsfyrirtæki eins og fram kemur í nýsamþykkttri
71 fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2024-2028. Fundurinn ítrekar mikilvægi þess að tekið
72 verði tillit til smærri og útgerða við útfærsluna. Undanfarin ár hafa reynst mjög gjöful fyrir
73 sjávarútvegsfyrirtæki og afkoma batnað verulega samkvæmt árlegum tölum Hagstofunnar. Ljóst er
74 að staða sjávarútvegsfyrirtækja er mun betri nú en þegar núverandi hlutfall veiðigjalds var ákveðið
75 og því tímabært að hækka það til samræmis. Sjávarútvegur gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku
76 atvinnulífi en það er sanngirnismál að arðinum sem sprettur af nýtingu sameiginlegrar auðlindar í
77 eigu þjóðarinnar sé skipt á réttlátari hátt en nú er.

78 *Stjórn kjördæmisráðs VG í Norðausturkjördæmi*

79 [Ályktun um hvalveiðar](#)

80 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Flúðum 26.-27. ágúst 2023,
81 fagnar þeirri vinnu sem matvælaráðherra hefur unnið í tengslum við hvalveiðar sem byggir á faglegu

82 mati og sjónarmiðum dýravelferðar. Flokksráðsfundurinn lýsir yfir fullum stuðningi við þær
83 ráðstafanir sem gripið hefur verið til fram til þessa.

84 *Stjórn kjördæmisráðs VG í Norðausturkjördæmi*

85 **Ályktun um blóðmerahald**

86 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Flúðum 26.-27. ágúst 2023,
87 telur brýnt að núverandi fyrirkomulag blóðmerahalds verði tekið til endurskoðunar í ljósi álitamála
88 sem snúa að dýravelferð og lagaumhverfi, þar með talið ákvæðum reglugerðar nr. 460/2017 um
89 vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni.

90 *Greinargerð:*

91 *Fyrir um það bil ári síðan birtu dýraverndarsamtökin Animal Welfare Foundation (AWF) og*
92 *Tierschutzbund Zürich (TSB) [myndband](#) sem sýndi hvernig skelkaðar hryssur eru barðar og*
93 *reknar í blóðtökubása til að taka óhóflega mikið blóð úr þeim þrátt fyrir að þær séu bæði*
94 *fylfullar og mjólkandi. PMSG (eCG) fæst úr blóði hryssa, hormón sem eykur frjósemi og þar*
95 *með framleiðni í þaueldi. Ísland er eina landið í Evrópu sem stundar þennan iðnað. Ísland fer*
96 *einnig gegn öllum alþjóðlegum fagleiðbeiningum um magn og tíðni blóðtaka.*

97 *Matvælaráðherra setti [reglugerð nr. 900/2022 um blóðtöku úr fylfullum hryssum](#) sem þjónar*
98 *í raun hagsmunum blóðmeraiðnaðarins frekar en skepnanna sjálfra og náðu fæstar tillögur*
99 *að umbótum sem lutu að aukinni dýravelferð og birtust í drögum að reglugerðinni fram að*
100 *ganga.*

101 • *Enn má taka 5 lítra af blóði úr hryssunum á viku, allt að 8 vikur í röð sem er rúmlega tvöfalt*
102 *meira en alþjóðlegar leiðbeiningar kveða á um.*

103 • *Umdeilda „hvatakerfið“ (hærra verð ef meira blóð er tekið) fær að viðgangast áfram.*

104 • *Blóðrauða- og/eða blóðrauðamælingar þarf aðeins að taka annað hvert ár, ekki á hverju*
105 *ári eins og lagt var upp með í drögum að reglugerðinni.*

106 • *Enn fremur er ekkert myndbandaefirlit eins og Fagráð um velferð dýra og Samtök um*
107 *dýravelferð á Íslandi (SDÍ) gerðu kröfu um.*

108 • *Hætt var við að gera blóðbændur leyfis skylda.*

109 • *Engin krafa er um lágmarks tamningu í reglugerðinni til að minnka streitu og álag í*
110 *blóðtökubásunum. Það var krafa frá Dýralæknafélagi Íslands og SDÍ.*

111 **Rannsóknir vantar**

112 *Í þau 40 ár sem blóðtökur úr fylfullum merum hafa verið stundaðar á Íslandi hafa hvorki*
113 *[Matvælastofnun \(MAST\)](#) né [Ísteka](#) lagt fram marktækar rannsóknir um áhrif blóðtökunnar á*
114 *heilsu hryssa. Engin gögn styðja það óheyrilega magn blóðs sem tekið er. Upplegg óháðrar*
115 *rannsóknar á blóðhag hryssanna á Keldum, sem matvælaráðuneytið kallaði eftir í fyrra, er*
116 *ófullnægjandi að mati SDÍ og niðurstöðum á ekki að skila fyrr en blóðtökutímabilið 2023 er*
117 *búið. Í ljós hefur komið að hryssur sem [dóu við eða eftir blóðtökurnar 2022](#) voru mun fleiri en*

118 áður. Það er ljóst að yfirstandandi blóðtökutímabil (ágúst - október 2023) fer fram í sömu
119 óvissu og árin áður.

120 Framvinduskýrslan sem gerð var á Keldum í upphafi sýnir ýmsa ágalla. Það er t.a.m.
121 óskiljanlegt að lífsmörk sem eru mikilvæg vísbending um blóðþurrðarlost, hafi ekki verið
122 mæld, sérstaklega í ljósi þess að 18,5% af heildarblóðmagni er tekið í hverri blóðtöku. Fjöldi
123 rannsókna og leiðbeininga um blóðtökur á hrossum sýna að þetta magn fer langt fram úr
124 [öllum ráðleggingum](#) hvort sem þær eru ættaðar frá Bandaríkjunum eða Evrópu!

125 **Álit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)**

126 [Eftirlitsstofnun EFTA birti í maí 2022](#) álit sitt á því að íslenska ríkið hafi gerst brotlegt við 3. gr.
127 EES samningsins og meginákvæði reglugerðar 460/2017, sérstaklega það ákvæði að
128 framkvæma frummat á starfseminni.

129 Í áliti ESA er ítarlega farið yfir svör matvælaráðuneytisins við spurningum ESA. Þar kemur
130 fram að ríkið og ESA eru sammála um að um framleiðslu lyfja sé að ræða og að greinin falli
131 utan hefðbundins landbúnaðar. ESA og matvælaráðuneytið eru einnig sammála um að
132 blóðtakan valdi hryssunum þjáningum.

133 Það verklag samræmist varla stefnu græns flokks að leyfa afar umdeilda starfsemi sem er
134 einkum til þess fallin að styðja við þaueldi í verksmiðjubúskap erlendis. Íslenskir svínabændur
135 þurfa ekki á PMSG hormóninu að halda. Svissneskir svínabændur hafa ákveðið að sniðganga
136 PMSG. Yfir [36 lyf, framleidd á tilraunastofu](#), eru fáanleg sem geta komið í staðinn fyrir PMSG
137 hormón unnið úr blóði hryssa.

138 Meike Erika Witt

139 **Ályktun um dýravelferð**

140 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Flúðum 26.-27. ágúst 2023,
141 fagnar áherslubreytingum og aukinni umræðu í samfélaginu um velferð dýra. Fundurinn hvetur
142 matvælaráðherra til að taka á þeim vanda sem snýr að dýravelferðareftirliti Matvælastofnunar
143 (MAST) þannig að farið verði eftir öllum reglugerðum um velferð búfjár. Fundurinn telur að
144 atvinnustarfsemi sem ekki getur staðist kröfur um velferð dýra eigi sér ekki framtíð á Íslandi. Því telur
145 fundurinn brýnt að innleidd verði ný tækni og þekking í dýrahaldi til að auka velferð dýra enn frekar.

146 Flokksráðsfundurinn leggur áherslu á að kannaðir verði kostir þess að innleiða velferðarmerkingar á
147 dýraafurðum eins og stefnt er að í Þýskalandi.

148 **Greinargerð:**

149 Mikil breyting hefur átt sér stað í samfélagslegri umræðu undanfarin ár í samhengi
150 dýravelferðar. Vitundarvakning í samhengi við breyttar kröfur neytenda og aukna þekkingu á
151 á dýraeldi í samhengi loftslagsmála á kannski stærstan þátt í aukinni umræðu. Lög um
152 velferð dýra frá árinu 2013 mörkuðu ákveðin tímamót en þó hefur eitt og annað í
153 framkvæmdinni ekki staðist væntingar samfélagsins.

154 Ríkisendurskoðun hefur að eigin frumkvæði hafið stjórnýsluúttekt á eftirliti
155 Matvælastofnunar (MAST) með velferð dýra. Ljóst þykir að stofnunin valdi ekki því hlutverki
156 sínu að veita nægilegt eftirlit með dýravelferð eins og staðan er í dag. Eftirlitssvæði

157 eftirlitsmanna eru allt of stór og eftirlitsmenn of fáir, t.a.m. nær eftirlitssvæðið á Suðurlandi
158 frá Hellisheiði að Djúpavogi en stærð svæðisins veikir getuna til að sinna eftirliti sem skyldi.

159 Aukin umræða á undanförnum árum hefur einnig vakið spurningar um aðstæður og aðbúnað
160 eldisdýra svo sem loðdýra, svína og hænsna og slátrun á þeim.

161 **Loðdýrarækt**

162 Minkar eru ræktaðir fyrir feld sinn á níu loðdýrabúum hérlendis. Minkar eru haldnir í búrum
163 úr vírneti sem eru aðeins 30x70 cm að stærð. Aflifunin fer fram í loftþéttum kassa sem þeim
164 er troðið í og gasi er hleypt á. Það tekur allt að 60 sekúndur fyrir hvolpana að missa
165 meðvitund sem loks drepast eftir 5 mínútur þegar kolmonoxíðmettunin hefur eytt öllu súrefni
166 úr hjarta og heila. Þessar fyrstu 60 sekúndur eru afar kvalafullar fyrir hvolpana en gasið
167 veldur sviða og hægri köfnun. Loðdýraeldi er andstætt öllum sjónarmiðum um dýravelferð.
168 Aflifunaraðferðir eru í engu samræmi við þær aðferðir sem beitt er við förgun dýra almennt
169 þar sem markmiðið er að dauðdaginn sé skjótur og kvalarlaus. Þá má benda á að búrhænur
170 eru nú lausar úr sínum búrum eftir breytingar á reglugerð sem tók gildi á liðnu sumri.

171 Loðdýraeldi er á undanhaldi í Evrópu og stjórnvöld í hverju ríkinu á fætur öðru banna
172 loðdýraeldi af tveimur ástæðum; iðjan samræmist ekki lögum og sjónarmiðum um
173 dýravelferð og reksturinn er svo ótryggur að til þess hann beri sig þarf opinberan stuðning til
174 að bæta upp viðvarandi tap í greininni. Loðdýraeldi hér á landi hefur verið rekið með tapi um
175 árabíl og notið ríkisstyrkja, t.d. var iðnaðurinn styrktur um 160 milljónir af almannafé á
176 árunum 2020-2021. [European Greens](#) eða Samtök grænna flokka í Evrópu hafa tekið skýra
177 afstöðu gegn lóðdýrabúskap.

178 **Þauleldi svína**

179 Svín búa við hörmulegar aðstæður í þauleldi verksmiðjubúa á Íslandi. Innilokuð í þröngum
180 stíum hafa þau enga möguleika til að stunda sitt eðlilega atferli. Gylturnar gjóta allt að
181 þrisvar sinnum á ári. Þær dvelja langdvölum í stíum sem eru svo þröngar að þær geta ekki
182 snúið sér við. Þær geta einungis staðið upp og lagst niður. Þær geta ekki hnusað af grísum
183 sínum sem sjúga spena í gegnum rimla. Tennur grísa eru slípaðar niður. Hali þeirra er klipptur
184 án deyfingar af starfsfólki verksmiðjubúa. Það er í trássi við lög og reglur en slíkar aðgerðir
185 skal framkvæma af dýralæknum séu þær nauðsynlegar og ávallt skal nota deyfilyf.
186 Halaklipping er sársaukafull aðgerð þar sem bein er klippt af dýrinu. Í skýrslu
187 Matvælastofnunar frá árinu 2015 kom fram að önnur hver gyllta þjáðist af legusárum og að
188 svínin væru léleg í fótunum vegna hreyfingarleysis.

189 Lokaskref framleiðslunnar er aflifun sem oftast fer fram í gasklefa við hræðilegar aðstæður. Í
190 gasklefum má kæfa hóp svína en dauðastríð þeirra tekur allt að 60 kvalarfullar sekúndur.
191 Gasið er mjög ertandi og veldur sviða í slímhúð og mikilli andnauð. Á Íslandi eru um 80.000
192 svínum slátrað árlega.

193 ***Þauleldi hænsna***

194 *Um tugur eggjabúa er starfræktur hérlendis og gera má ráð fyrir því að um 150-200.000*
195 *karlkyns hænuungar séu aflifaðir með ýmist mölun eða gösun. Í mörgum löndum er búið að*
196 *banna þessa aðferð við förgun karlkyns unga sem er ennþá við lýði á Íslandi.*

197 *Meike Erika Witt*

198 **Ályktun um auðlindir í þjóðareign**

199 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Flúðum 26.-27. ágúst 2023,
200 ítrekar mikilvægi þess að sett verði ákvæði um auðlindir í þjóðareign í stjórnarskrá líkt og formaður
201 hreyfingarinnar lagði til á þingi á síðasta kjörtímabili. Ísland byggir tilvist sína á náttúruauðlindum og
202 það hefur aldrei verið mikilvægara að setja þá grundvallarreglu að þær séu þjóðareign, skýrar reglur
203 gildi um mögulega nýtingu þeirra og tryggt sé að hún sé sjálfbær. Það á við um fiskinn í sjónum, orku,
204 vatn, jarðefni á landi og á hafsbotni, ósnortna náttúru og allar aðrar þær auðlindir sem finna má í
205 náttúru Íslands. Tryggja þarf fullt gagnsæi og jafnræði við veitingu nýtingarleyfa til takmarkaðs tíma í
206 senn og að sanngjarn arður renni til þjóðarinnar. Þá þarf að tryggja almenningi forgang að fersku og
207 ómenguðu vatni um alla framtíð. Nýleg viðskipti með hluta vatnsauðlindarinnar sýna að eftirspurnin
208 eftir margháttuðum auðlindum er gríðarleg, hvaðanæva úr heiminum. Þá er rétt að áréttta að löngu
209 tímabært ákvæði um umhverfis- og náttúruvernd verði samþykkt í stjórnarskrá þar sem
210 almannarétturinn er einnig tryggður en uppbygging lúxusferðaþjónustu á hálendi Íslands vekur
211 spurningar um vernd lítt snortinna víðerna og rétt almennings til að fara um þau. Þá er að lokum
212 mikilvægt að lög verði sett sem tryggja eðlilega rýni á erlenda fjárfestingu, ekki síst þegar um
213 fjárfestingu í auðlindum eða rekstri þeim tengdum er að ræða – það er þjóðaröryggismál.

214 *Stjórn VG*

215 **Ályktun um nýtt fyrirkomulag á eignarhaldi ríkisins í fjármálafyrirtækjum**

216 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Flúðum 26.-27. ágúst 2023,
217 áréttar að fullnusta þarf ákvörðun um að leggja niður Bankasýslu ríkisins og taka upp nýtt
218 fyrirkomulag á eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum sem er að hluta eða í heild í eigu ríkisins. Þar þarf að
219 tryggja lýðræðislega aðkomu og ríkan skilning á þeim lögmálum sem eiga að gilda um rekstur félaga í
220 almannaeigu hvað varðar gagnsæi, almannahagsmuni og fyrirmyndar viðskiptahætti. Bankasýsla
221 ríkisins fór með framkvæmd á sölu hlutar í Íslandsbanka og bar þar leiðbeiningar- og eftirlitsskyldu
222 gagnvart Íslandsbanka og öðrum þeim fjármálafyrirtækjum sem tóku þátt í þeirri sölu. Ekki er hægt
223 að líta fram hjá ábyrgð stofnunarinnar á framkvæmdinni að þessu leyti og mikilvægt að betra
224 fyrirkomulag verði tekið upp hvað varðar eignarhald á fjármálafyrirtækjum. Þá hvetur fundurinn til
225 þess að þau skref sem stigin voru á síðasta kjörtímabili til að aðskilja viðskipta- og
226 fjárfestingabankastarfsemi verði metin og tekið til skoðunar að lögfesta fullan aðskilnað.

227 *Stjórn VG*

228 **Ályktun um aðgerðir gegn loftslagsvá og hamfarahlýnun**

229 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Flúðum 26.-27. ágúst 2023,
230 hvetur stjórnvöld til þess að hraða aðgerðum til að takast á við loftslagsvá og hamfarahlýnun. Brýnt
231 er að ná settum markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnishlutleysi árið
232 2040, en markmið um hið síðarnefnda var lögfest á Alþingi fyrir tveimur árum að tillögu umhverfis-
233 og auðlindaráðherra VG. Nýliðið sumar sýnir alvarlegar afleiðingar loftslagsbreytinga um allan heim

234 sem birtast í auknum öfgum í veðurfari með skelfilegum afleiðingum á borð við flóð og gróðurelda.
235 Orkuskipti eru mikilvæg en fleira þarf til. Framfylgja þarf lögum um hringrásarhagkerfið og
236 sveitarfélög þurfa að setja aukinn metnað í meðhöndlun úrgangs til að tryggja að endurnýting og
237 endurvinnsla verði aðgengilegri fyrir íbúa. Matvælaframleiðsla þarf að taka mið af
238 loftslagsmarkmiðum og öll mótuneyti á vegum ríkis og sveitarfélaga þurfa að setja sér
239 loftslagsviðmið. Allar atvinnugreinar þurfa að leggja sitt af mörkum og þar liggur fyrir að undanþágur
240 eiga eingöngu við í sérstökum tilfellum af málefnalegum orsökum. Innan ferðapjónustu á Íslandi er
241 hægt að ná miklum árangri með breyttum samgöngum og skýrum loftslagsviðmiðum í hótél- og
242 veitingarekstri. Fagna ber aukinni gjalddöku á skemmtiferðaskip og rétt er að skoða möguleika á að
243 takmarka komu þeirra enda gríðarlegur mengunarvaldur.

244 Allar ákvarðanir um frekari orkunýtingu þarf að taka á faglegum grunni þar sem hugað er að
245 náttúruvernd. Tryggja þarf í lögum að almenningur hafi forgang að orku og vatni og taka þarf mið af
246 til hvers orkan er ætluð áður en tekin er ákvörðun um nýtingu hennar. Hið opinbera þarf að setja
247 reglur til að koma í veg fyrir grænþvott sem er alþjóðlegt og stigvaxandi vandamál í öllum geirum.
248 Þar þarf eftirlit og heimildir til að taka á slíkum málum.

249 Stjórn VG

250 [Ályktun um jafnt aðgengi að menntun og frístundum](#)
251 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Flúðum 26.-27. ágúst 2023,
252 óskar öllum börnum og ungmennum sem hefja nú nám að hausti velfarnaðar í námi sínu. Aldrei
253 hefur verið mikilvægara að tryggja jafnt aðgengi að menntun og það á líka við um íprótta- og
254 tólmstundastarf. Samfélagið er orðið fjölbreyttara og einmitt þess vegna er ástæða til að ríki og
255 sveitarfélög leggi sérstaka áherslu á jafnt aðgengi en aukin félagsleg þátttaka dregur úr vanlíðan ungs
256 fólks og byggir sterka einstaklinga. Þá þurfa bæði ríki og sveitarfélög að styðja við skólana til að
257 takast á við nýjar áskoranir sem fylgja fjölbreyttari hópi nemenda með ólíkan bakgrunn.

258 Stjórn VG

259 [Ályktun um endurskoðun örorkulífeyriskerfisins](#)
260 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Flúðum 26.-27. ágúst 2023,
261 ítrekar mikilvægi þess að ljúka endurskoðun örorkulífeyriskerfisins sem fyrst. Fundurinn fagnar þeim
262 áföngum sem þegar hafa náðst, meðal annars með breytingum á lengd greiðslna á
263 endurhæfingarlífeyri og hækkun á frítekjumarki atvinnutekna örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.
264 Fundurinn fagnar því líka að fjármögnun kerfisbreytingarinnar var samþykkt í fjármálaáætlun í júní
265 síðastliðnum. Brýnt er að einfalda kerfið þannig að auðveldara sé að átta sig á réttindum í kerfinu,
266 fjölga hvötum til virkni og atvinnuþátttöku og styðja fólk betur til að komast út á vinnumarkað og
267 öðlast aukna færni í vinnu. Jafnframt þarf að stuðla að opnari vinnumarkaði með fleiri hlutastörfum
268 og sveigjanlegum störfum sem betur henta fötluðu fólki og fólki í endurhæfingu.

269 Stjórn VG

270 [Ályktun um aðgerðir gegn hatursorðræðu](#)
271 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Flúðum 26.-27. ágúst 2023,
272 áréttar mikilvægi þess að unnið sé skipulega og markvisst gegn hatursorðræðu í samfélaginu. Greina
273 má bakslag í mannréttindabaráttu hinsegin fólks og vaxandi hatursorðræðu því samfara. Dæmin
274 sanna að bakslag fylgir gjarnan framsækinni löggjöf á sviði mannréttinda og mikilvægt að sporna

275 gegn því með öllum tiltækum ráðum. Hatursorðræða getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir
276 einstaklinga eða hópa sem fyrir henni verða, innrætt staðalímyndir og fordóma, fætt af sér andúð og
277 hatur í samfélaginu, leitt til mismununar og þess að fólk dragi sig út úr opinberri umræðu eins og
278 nýlegar rannsóknir sýna.

279 Stjórn VG

280 [Ályktun um innlent greiðslumiðlunarkerfi](#)

281 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Flúðum 26.-27. ágúst 2023,
282 hvetur til þess að sem fyrst verði tekið upp innlent greiðslumiðlunarkerfi. Greiðslukort eru lykilþáttur
283 í rafrænni greiðslumiðlun hér á landi en nú fara um 90% af innlendri greiðslumiðlun í gegnum erlend
284 kortafyrirtæki, einkum VISA og Mastercard og smáforrit sem tengjast þeim. Í skýrslu frá í desember
285 2022 benti Þjóðaröryggisráð á nauðsyn þess að innlendar greiðslur fari fram undir innlendri stjórn en
286 séu ekki háðar fjarskiptum til og frá landinu eða mögulegum inngripum af hálfu erlendra aðila. Þá
287 hefur Seðlabankinn lýst því yfir að núverandi fyrirkomulag varði þjóðaröryggi en þrátt fyrir þetta hafa
288 lánastofnanir og Seðlabankinn enn ekki skilað tillögum um breytt fyrirkomulag. Flokksráðsfundurinn
289 telur að það megi ekki dragast og hvetur stjórnvöld til að setja lög um innlenda greiðslumiðlun sem
290 væri til mikilla hagsbóta fyrri neytendur, almenning allan og atvinnulífið.

291 Stjórn VG

Drög til afgreiðslu á flokksráðsfundi